

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2020

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum. 150. Löggjafarþing, 707. mál

Meðfylgjandi er umsögn um frumvarp um skipta búsetu barns¹ og takmarkast hún við það.

Það hafa margir beðið í eftirvæntingu eftir þessu frumvarpi. Eftir að hafa lesið frumvarpið yfir að þá sést að mikið vantar upp á að það nái yfirlýstum markmiðum.

Í umsögninni nota ég orðin „lögheimili“ um lögheimili barns og „hitt heimilið“ um það heimili þar sem forsjá er sameiginleg og umgengni er jöfn en sem er ekki lögheimili barnsins. Ég miða umsögnina við heimili þar sem forsjá er sameiginleg og umgengni jöfn.

Eftirfarandi upptalning á við um frumvarpið:

- Það eykur ekki réttindi forsjárforeldra(1.1 bls. 2).
- Það eykur ekki jafnræði á milli foreldra(1.2 bls. 2).
- Það tengir ekki börn við báða foreldra í Þjóðskrá(1.3 bls. 2).
- Það eykur ekki réttindi hins heimilisins gagnvart skólum, leikskólum eða öðrum aðilum(1.4 bls. 2).
- Það veitir ekki foreldrum og börnum réttindi sem kveðið er á um í alþjóðlegum skuldbindingum eins og Barnasáttmála SP (1.5 bls. 3).
- Það stuðlar ekki að sátt og jafnri stöðu heimila(1.6 bls. 3).
- Það hefur engin jákvæð réttaráhrif fyrir hitt heimilið(1.7 bls. 3).
- Það bætir ekki upplýsingagjöf skóla til hins heimilisins(1.8 bls. 3).

Það sem frumvarpið gerir:

- Það eykur á ójafnvægi á milli lögheimilis og hins heimilisins(1.9 bls. 4).
- Það dregur úr fjárhagslegu sjálfstæði hins heimilisins(1.10 bls. 4).
- Það getur ýtt undir vanlíðan á hinu heimilinu(1.11 bls. 4).

Barnalögin í dag gera ráð fyrir að foreldrar með sameiginlega forsjá vinni sameiginlega að öllum málum sem snerta barnið. Ákvarðanatáka á einnig að vera sameiginleg samkvæmt núgildandi lögum.²

Skólar eiga að upplýsa foreldra, báða forsjárforeldra.³ Það eru því ekki lögin sem takmarka þetta upplýsingaflæði heldur verklag sem skólarnir og aðrar stofnanir hafa vanið sig á.

¹ <https://www.althingi.is/altext/150/s/1215.html> Frumvarp til laga um skipta búsetu barns.

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html> Barnalög 76/2003 28. gr. a. 1. mgr. „Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns skulu þeir taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn.“

³ <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23235/heimili.pdf>

Eftir nýlega lagabreytingu er Þjóðskrá að skrá forsjá⁴ og því ættu skólar, aðrar stofnanir og félagasamtök(t.d. íþróttafélög) að geta fengið aðgang að betri upplýsingar um foreldra barna. Tengsl skóla og foreldra kemur frumvarpinu ekkert við og hvergi í frumvarpinu er tekið á þessu misbresti.

1.1 Frumvarpið eykur ekki réttindi forsjárforeldra

Hvergi í lögnum eru ákvæði sem auka réttindi þess foreldris sem ekki hefur lögheimili. Samkvæmt núgildandi barnalögum að þá getur foreldri ekki borið meiri ábyrgð á barni en að hafa forsjá þess, óháð því hvort forsjá sem sameiginleg eða ekki.⁵ Af því leiðir að skipt búseta mun ekki auka réttindi þess foreldris sem nýtur skiptrar búsetu.

1.2 Frumvarpið eykur ekki jafnræði á milli foreldra

Hvergi í lögnum eru ákvæði sem auka jafnræði á milli foreldra. Foreldrar sem bera fulla og ótakmarkaða ábyrgð á börnum sínum eru ekki að fara að fá aukin réttindi í þessu frumvarpi. Þeir geta mögulega fengið barnabætur og niðurfellingu meðlagsgreiðslna. Á móti að þá afsala þessir foreldrar sér ákveðnu sjálfræði og fjárhagslegu sjálfstæði því lögheimilið mun hvenær sem er geta sagt samningi um skipta búsetu upp. Það myndast því annað ójafnvægi í samskiptum heimilanna. Það ættu allir að vera sammála um að hvert foreldri ætti að njóta fjárhagslegs sjálfstæðis og sjálfræðis en frumvarpið vegur gegn þessu með beinum hætti.

1.3 Frumvarpið tengir ekki börn við báða foreldra hjá Þjóðskrá

Frumvarpið tengir ekki börn við báða foreldra hjá Þjóðskrá. Það eru lög um skráningu einstaklinga sem gera það.⁶ Nýlega var þeim breytt með þeim hætti að nú á einnig að skrá forsjá en fram til þess tíma var aðeins lögheimili skráð.⁷ Ekki var mælt til þess að Þjóðskrá skrái umgengni. Það var því ekki gengið eins langt í að tengja börn við foreldra eins og margir hafa óskað eftir. Alþingi ályktaði árið 2014 um að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að upplýsingar um umgengnisforeldra yrðu skráðar til jafn við aðra foreldra eigi síðar en 1. janúar 2016.⁸ Ekkert hefur orðið af því. Þetta frumvarp er ekki að fara að breyta neinu um skráningu barna sem gagnast foreldrum þeirra.

1.4 Frumvarpið eykur ekki réttindi hins heimilisins gagnvart skólum, leikskólum eða öðrum aðilum

Í leikskólalögum⁹ og grunnskólalögum¹⁰ eru foreldrar skilgreindar sem þeir foreldrar sem hafa forsjá. Ef forsjá er sameiginleg að þá er átt við bæði heimili barnsins. Það er því ekkert í núgildandi lögum sem kemur í veg fyrir að skólar og leikskólar séu í eðlilegum samskiptum við foreldra. Það frumvarp sem liggur fyrir um skipta búsetu er ekki að fara að breyta þessu með neinu móti. Vandamálið er að Þjóðskrá hefur hingað til aðeins haft skrá um lögheimili barna en ekki forsjá(forræði eins og sumir vilja kalla það). Þess vegna hafa þessir aðilar litið á lögheimilisforeldrið sem eina foreldri og eina heimili barnsins. Með breytingum á lögum um skráningu einstaklinga eiga skólar og leikskólar nú að hafa

⁴ <https://www.althingi.is/altext/stjt/2019.140.html> Lög um skráningu einstaklinga 140/2019 6. gr. „17. vensl“

⁵ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html> Barnalög 76/2003 V. kafli. Foreldraskyldur og forsjá barns.

⁶ <https://www.althingi.is/altext/stjt/2019.140.html> Lög um skráningu einstaklinga 140/2019 6. gr. „17. vensl“

⁷ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=150&mnr=101> Ferill máls 101 um skráningu einstaklinga.

⁸ <https://www.althingi.is/altext/143/s/1090.html> Þingsályktun um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra

⁹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html> Lög um leikskóla 90/2008 1. gr. 2. mgr. „Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.“

¹⁰ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html> Lög um grunnskóla 91/2008 3. gr. 2. mgr. „Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskylduvaldri. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.“

aðgang að réttum upplýsingum um foreldra barna. Þessir aðilar munu vonandi fara að nýta sér þær fyrr en síðar sem mun skila sér í betri og vandaðri vinnubrögðum.

1.5 Frumvarpið veitir ekki foreldrum og börnum réttindi sem kveðið er á um í alþjóðlegum skuldbindingum eins og Barnasáttmála SP

Frumvarp um skipta búsetu eykur hvorki réttindi barna né foreldra og því mun það ekki hafa nein áhrif á alþjóðlegar skuldbindingar. Forsjáforeldrar bera fulla og ótakmarkaða ábyrgð á börnum sínum, óháð því hvort forsjá sé sameiginleg eða ekki. Þjónusta og stuðningur ætti því að miðast við forsjá. Flest öll lög á Íslandi miða hins vegar allan stuðning við lögheimili. Frumvarpið er ekki að fara að breyta þessu. Í staðinn er tekið upp fyrirkomulag þar sem lögheimilisforeldrið hefur úrskurðarvald um það hvort hitt heimilið njóti réttindanna eða ekki með því að gera samning um skipta búsetu við það. Réttindin eru því háð skilyrðum og eru því ekki veitt skilyrðislaus. Sumir lögheimilisforeldrar geta af fjárhagslegum ástæðum ekki gert samning um skipta búsetu. Skilyrði fyrir því að börn og foreldrar njóti réttinda sem byggja á alþjóðlegum skuldbindingum eru þá farin að taka mið af fjárhagslegri stöðu foreldra og einhliða ákvörðun annars foreldrisins. Það er í andstöðu við 2. gr. Barnasáttmála SP þar sem kveðið er á um að réttindin eiga að vera án mismununar af nokkru tagi og að barni skuli ekki refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess.¹¹ Það er ótækt að börn og foreldrar njóti ekki réttinda samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum skilyrðislaust.

1.6 Frumvarpið stuðlar ekki að sátt og jafnri stöðu heimila

Foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá bera sameiginlega fulla og ótakmarkaða ábyrgð á barni. Í dag hefur lögheimilið ákvörðunarvald í öllum málum barnsins og samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi að þá er það ekki að breytast¹². Leikurinn er því ekki jafnaður með neinu móti. Geri foreldrar með sér samning um skipta búsetu að þá er hægt að segja honum upp fyrirvaralaust og öll réttindi í kjölfarið tekin af hinu heimilinu og færð lögheimilinu.¹³ Þá er ekkert tillit tekið til þess hvað barninu sé fyrir bestu og hagsmunir þess því fyrir borð bornir. Ef upp koma vandamál á milli foreldra og hitt heimilið ætlar að leita sér aðstoðar fyrir dómstólum að þá fellur samningurinn niður. Foreldrinu er því refsað vilji það leita réttar síns, alveg óháð því hvaða áhrif það hefur á stöðu barnsins. Það er því ljóst að frumvarpið stuðlar með engu móti að sátt, jafnri stöðu heimila og tekur ekki mið af því sem er barni fyrir bestu.

1.7 Frumvarpið hefur engin jákvæð réttaráhrif fyrir hitt heimilið

Fyrirliggjandi frumvarp bætir ekki stöðu hins heimilisins. Ef lögheimilisforeldrið samþykkir, með gerð samnings um skipta búsetu, að þá getur hitt heimilið fengið fjárhagslegan ávinning. En það foreldri nýtur hans aðeins svo lengi sem lögheimilið ákveður. Það er engin vernd fyrir hitt heimilið og barnið í lögunum. Telji lögheimili að forsendur fyrir samningi séu brostnar að þá er engin vernd í lögunum fyrir hitt heimilið eða barnið til að verja það fyrir gríðarlegum tekjumissi og kostnaðaruaka. Í frumvarpinu er ekki gerð krafa um að uppsögn samnings um skipta búsetu sé rökstudd.

Samkvæmt frumvarpinu að þá er staða hins heimilisins ekki heldur bætt svo það geti betur gætt hagsmuna barnsins. Frumvarpið gerir enn ráð fyrir því að það sé í einu öllu hlutverk lögheimilisins.

¹¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html> Lög 19/2013 2. gr. Samings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns, nr. 18. 2. nóvember 1992.

¹² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html> Barnalög 76/2003 V. Kaffli. 28. gr. a. 1. mgr. „Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til þess að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innan lands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómsundastarf.“

¹³ <https://www.althingi.is/altext/150/s/1215.html> Frumvarp um skipta búsetu 6. gr. b. (32.gr.b.) Brottfall samnings um skipta búsetu barns.

1.8 Frumvarpið bætir ekki upplýsingagjöf skóla til hins heimilisins

Fyrirliggjandi frumvarp bætir ekki upplýsingagjöf skóla til hins heimilisins. Það eru engin ákvæði um það í frumvarpinu. Grunnskólalög gera ráð fyrir því að forsjáforeldrar gæti hagsmuna barnsins á meðan það gengur í skóla. Þá er átt við forsjáforeldra óháð því hvort forsjá sé sameiginleg eða ekki. Það þarf því ekki að breyta lögum til að bæta upplýsingagjöf. Það er nóg að bæta vinnubrögð þessara aðila.

Frumvarpinu hafa verið eignaðir ýmislegir eiginleikar en þegar betur er að gáð að þá eiga þeir ekki við.

1.9 Frumvarpið eykur á ójafnvægi á milli lögheimilis og hins heimilisins

Frumvarpið eykur ójafnvægi á milli foreldra þar sem lögheimilisforeldrið getur hvenær sem er sagt um samningi um skipta búsetu án þess að þurfa að gefa upp ástæðu. Með einu pennastriki er hægt að svipta hitt heimilið fjárhagslegu öryggi. Það er með engu móti eðlilegt. Hvorki er hugsað um fjárhagslegt sjálfstæði hins heimilisins né um hagsmunum barnsins. Frumvarpið eykur þar með á ójafnvægi á milli heimila.

1.10 Frumvarpið dregur úr fjárhagslegu sjálfstæði hins heimilisins

Frumvarpið heimilar lögheimilisforeldrinu að gefa frá sér meðlag og barnabætur til hins heimilisins. Sé lögheimilið með hærri tekjur en hitt heimilið að þá skiptir þetta lögheimilisforeldrið litlu máli en skiptir hitt heimilið miklu máli. Í einhverjum tilfellum er lögheimilisforeldrið með það háar tekjur að það fengi hvort sem er engar barnabætur en hitt heimilið með það lágar tekjur að það fær barnabætur með barninu. Fjárhagslegt sjálfstæði hins heimilisins er því með beinum hætti í höndum lögheimilisforeldrisins.

1.11 Frumvarpið getur ýtt undir vanlíðan á hinu heimilinu

Ef fjárhagslegt sjálfstæði hins heimilisins er komið í hendur lögheimilisforeldrisins að þá getur það ýtt undir vanlíðan. Sérstaklega ef lögheimilið notar þetta valdaójafnvægi sér í hag gegn hinu foreldrinu. Samskiptin geta orðið þvinguð og óheilbrigð. Lögheimilið þarf ekki endileg að notfæra sér þetta valdaójafnvægi en óttinn getur verið til staðar samt sem áður. Flestir foreldrar óska sér þess að hafa fyrirsjáanleika og stöðuleika í lífi sínu og barna sinna. Ef við bætist fötlun/greining barns að þá er þetta enn eitt atriðið sem foreldrið þarf að hafa áhyggjur af. Frumvarpið er því ekki til þess fallið að bæta samskipti heldur getur það ýtt undir vanlíðan og óöryggi.

2.0 Sviðsmyndir

Frumvarpið inniheldur alls konar finar hugsjónir en þær standast ekki þegar þær eru settar í ólíkar sviðsmyndir.

Það gleymist að "forsendur" breytast hjá foreldrum. Hvað gerist þá?

2.1 Forsendubrestur

Segum að foreldrar skilji "sáttir" og barnabætur deilist jafnt. Svo ákveður lögheimilisforeldrið að nú dugi ekki barnabætur þess og segir upp samningnum um skipta búsetu. Hvað þá? Duga þær eitthvað betur fyrir hitt heimilið? Þarna er mikið ójafnræði á milli foreldra.

2.2 Ógnvarvald

Segum að foreldrar skilji og að tekjuhærra heimilið (mögulega karlmaður) fái lögheimilið. Hann er það tekjuhár að hann fær engar barnabætur. Hann ákveður því að gera samning um skipta búsetu við barnsmóður sína svo hún fái að minnsta kosti helming barnabótanna. Nú er hún "skuldbundin" honum, komin í nokkurs konar ánauf. Ef hún gerir ekki það sem hann vill þarf hún að búa við þann

óttu að hann segi upp samningnum. Þetta er ekki staða sem foreldri (í þessu tilfalli móðir) á að vera í. Foreldrar eiga að geta lifað við öryggi en ekki í kvíða, ótta og óöryggi.

2.3 Fötlun barns

Segum að foreldrar skilji og barn er með greiningu. Foreldrar gera samning um skipta búsetu. Allur stuðningur fer til lögheimilisins eins og túlkun laga kveður á um. Segum að lögheimili sé ekki mjög samvinnufúst og að hitt heimilið sé skilið útundan, eins og lög heimila. Ef hitt heimilið vill fá lögheimilið til sín svo barnið fái betri og heildstæðari þjónustu að þá fellur samningur um skipta búsetu niður og heimilið sem vill bæta hag barns síns missir barnabætur og þarf að greiða meðlag í þökkabót. Þarna eru hagsmunir barns og foreldris fyrir borð bornir.

Ég átta mig ekki alveg á því hvernig fólk sér þetta fyrir sér í framkvæmd þegar kemur að hagsmunum barna, andlegu ofbeldi á milli foreldra og jafnræði foreldra.

3.0 Það sem er barni fyrir bestu

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að samningur um skipta búsetu sé til hagsbóta fyrir foreldra og barn. Það á hins vegar ekki alltaf við.

3.1 Barnabætur og meðlag

Foreldri sem hefur lágar tekjur fær fullar barnabætur og meðlag að auki. Þetta getur skipt miklu máli. Samkvæmt núgildandi lögum fær einstætt foreldri með 325 þúsund krónur í mánaðarlaun 390.700 krónur¹⁴ í barnabætur á ári og 426.780 krónur í meðlag á ári¹⁵. Samtals eru þetta 817.480 krónur á ári í skattlausum greiðslum. Þetta jafngildir þetta rúmlega þremur mánaðarlaunum. Geri einstæða foreldrið samning um skipta búsetu að þá afsalar það sér helming barnabóta, kr., og öllu meðlaginu, 426.780 kr. Þetta eru samtals 622.130 krónur. Það ljóst að það er ekki á allra færi að gera þetta. Sé hitt foreldrið með há laun að þá skerðast barnabæturnar sem það fær. Það er því aðallega ríkið sem hagnast á samningnum en ekki foreldrarnir.

Við gerð samnings að þá tapar lögheimilisforeldrið 622.130 krónum en hitt heimilið hagnast um 426.780 krónur. Mismuninn 465.750 fær ríkið í sinn hlut. Þetta er langt frá því að vera barninu fyrir bestu.

Líkurnar á að einstætt foreldri í þessari stöðu geri samning um skipta búsetu eru nálægt því að vera engar. Líkur á að samningur um skipta búsetu haldi lengi í þessari stöðu eru einnig litlar sem engar.

Líkur á að samningur sé gerður og að hann haldi aukast eftir því sem tekjur lögheimilisins hækka. Það er því ljóst að hér er ekki verið að horfa til þess hvað sé barni fyrir bestu og einnig sýnir þetta að samningur um skipta búsetu er fyrst og fremst ætluð tekjuhærri einstaklingum. Hinir tekjulægri eru skildir eftir í gamla kerfinu án réttinda Barnasáttmála Sp sem frumvarpsdrögin segja að muni fylgja samningi um skipta búsetu.

3.2 Framfærslukostnaður foreldra

Það hvílir framfærsluskýlda á báðum foreldrum.¹⁶ Ekki er tekið fram í barnalögum hvað falli undir framfærslu en sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu skilgreinir framfærslu sem „*almennan kostnað sem fellur til vegna barnsins s.s. vegna fæðis, klæðis, almenn læknisþjónusta, tómstundir og hvað*

¹⁴ <https://www.althingi.is/alttext/150/s/0003.html> Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Greinargerð 3.2. Barnabætur

¹⁵ Meðlag er 35.565 krónur á mánuði árið 2020.

¹⁶ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html> Barnalög 76/2003 IX. Kafli. Framfærsla barns 53. gr. 1. mgr.

annað sem fellur til vegna barns.“ Af þessu að dæma að þá fellur umtalsverður framfærslukostnaður á umgengnisforeldrið. Sé umgengni jöfn að þá fellur þessi kostnaður að mestu jafnt á foreldrana.

Reiknivél fyrir neysluviðmið sýnar að heildarútgjöld án húsnæðiskostnaðar eru 260.588 fyrir foreldri sem ekki hefur lögheimili en 278.353 fyrir foreldri sem hefur lögheimili.¹⁷ Munurinn á milli heimila eru aðeins tæpar 18 þúsund krónur. Ef meðlag væri fellt niður en lögheimili fengi enn barnabætur að þá væri staða heimilanna mun jafnari en áður.

Nú þegar forsjá er að mestu sameiginleg og umgengni jöfn að þá eru forsendur fyrir greiðslu meðlags brostnar. Foreldrar sem hafa lögheimili barna sinna standa ekki lengur einir að uppeldi og framfærslu barna sinna. Samt miða lögin við að það foreldri sem barn hefur ekki lögheimili hjá beri engan kostnað annan en þann að greiða meðlag. Þetta er að sjálfsögðu mjög gamaldags sýn og ekki í neinum tengslum við raunveruleikann.

Það væri mikill ávinningur fyrir foreldra og sérstaklega börn ef Alþingi færi fram á að rannsókn væri gerð á högum barna og foreldra þeirra með tilliti til umgengni og forsjár. Ekki hefur verið gerð skýrsla um þetta í 11 ár en sú skýrsla sýndi að börn væru í mestri hættu að á lifa í fátækt hjá umgengnisforeldri en ekki einstæða foreldrinu.¹⁸

3.3 Samningur um skipta búsetu út frá leikjafræði

Til að fá góða mynd af valmöguleikum foreldra þegar þeir ákveða hvort þeir vilji gera samning um skipta búsetu að þá er gott að meta þá út frá leikjafræði.

Ef við setjum dæmið hér að ofan(3.1, lögheimili með 325 þúsund í mánaðarlaun og hitt foreldrið með það há laun að það fær ekki barnabætur) í töflu til að meta besta leik hvort aðila að þá kemur það út með eftirfarandi hætti:

		Hitt heimilið	
		Skipt búseta	Ekki skipt búseta
Lög-heimilið	Skipt búseta	(195.350, 0)	(817.480, -426.780)
	Ekki skipt búseta	(817.480, -426.780)	(817.480, -426.780)

Í þessu dæmi sést ávinningur hvernar leikáætlunar. Ef lögheimili velur „Ekki skipt búseta“ en hitt heimilið velur „skipt búseta“ að þá er niðurstaðan sú að 817.480 kr. fara til lögheimilis en hitt heimilið greiðir 426.780 krónur. Bæði heimili þurfa að velja skipta búsetu til að skipt búseta verði að raunveruleika. Í þessum leik er niðurstaðan sú að búseta er ekki skipt. Ástæðan er sú að lögheimili velur alltaf „Ekki skipt búseta“ því það skilar því mestum ávinningi á meðan hitt heimilið velur alltaf „skipt búseta“ þar sem það skilar því mestu ávinningi. Í þessum leik eru engar forsendur fyrir aðila að semja því það er enginn ávinningur af því.

Ef við breytum forsendunum og gefum okkur að báðir foreldrar séu með 325.000 krónur í mánaðarlaun sem skerðingarmörk barnabóta miðast við að þá breytist taflan:

		Hitt heimilið	
		Skipt búseta	Ekki skipt búseta
Lög-heimilið	Skipt búseta	(195.350, 195.350)	(817.480, -426.780)
	Ekki skipt búseta	(817.480, -426.780)	(817.480, -426.780)

¹⁷ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fiolskyldumal/nevsluvidmid/reiknivél-fyrir-nevsluvidmid/>

¹⁸ <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarradunevti-media/media/09frettatengtfe09/skvrsla nefndar um stodu barna i mismunandi fiolskyldugerum.pdf>

Taflan breytist ekki nema ef báðir foreldrar velja skipta búsetu. Þá fá bæði heimilin helming barnabóta hvort fyrir sig.

Niðurstaðan verður enn sú sama. Best er fyrir lögheimili að velja „Ekki skipt búseta“ á meðan besta leikáætlun hins heimilisins er að velja „skipta búseta“.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að foreldrar vinni saman og engir hvatar fyrir lögheimilið að velja annað en að gera ekki samning um skipta búsetu.

Ef við breytum forsendum aðeins og segjum að lögheimilið sé með 9 m.kr. í árstekjur en hitt heimilið sé með 3,9 m.kr.

		Hitt heimilið	
		Skipt búseta	Ekki skipt búseta
Lög-heimilið	Skipt búseta	(0, 195.350)	(560.980, -426.780)
	Ekki skipt búseta	(560.980, -426.780)	(560.980, -426.780)

Ávinningur hins heimilisins breytist ekkert en lögheimilið fær minni ávinning. Niðurstaðan er samt enn sú sama, lögheimilið velur „ekki skipt búseta“ á meðan hitt heimilið velur „skipt búseta“.

Niðurstaðan er því sú að ekkert í frumvarpinu sem snýr að skiptri búsetu hvetur foreldra til samvinnu eða sátta.

3.3.1 Uppsögn á samningi um skipta búsetu út frá leikjafræði

Ef við viljum athuga hvort samningur um skipta búsetu eigi möguleika á að halda að þá er einnig gagnlegt að skoða hann út frá leikjafræði. Í stað þess að skoða ávinning út frá því að gera samning þá skoðum við ávinning hvors foreldris fyrir sig á því að segja upp samningi um skipta búsetu. Gerum ráð fyrir því að tekjur beggja foreldra séu 3,9 m.kr. á ári.

		Hitt heimilið	
		Standa við samning	Slíta samningi
Lög-heimilið	Standa við samning	(0,0)	(622.130,-622.130)
	Slíta samningi	(622.130,-622.130)	(622.130,-622.130)

Samkvæmt þessu að þá er það betra fyrir lögheimilið að slíta samningi um skipta búsetu á sama tíma er best fyrir hitt heimilið að standa við samning um skipta búsetu.

Ef við gefum okkur að lögheimilið séu hjón með 12 m.kr. í árstekjur en hitt heimilið sé einstætt með 3,9 milljónir í árstekjur. Þá lítur leikurinn svona út:

		Hitt heimilið	
		Standa við samning	Slíta samningi
Lög-heimilið	Standa við samning	(0,0)	(478.280,-622.130)
	Slíta samningi	(478.280,-622.130)	(478.280,-622.130)

Niðurstöðurnar breytast ekkert. Heimilin velja enn sömu leikina og samvinna skilar engu. Lögheimilið hefur aukið tekjur sínar um 6% á ári en hitt heimilið hefur tapað því sem jafngildir 2,4 mánaðarlaunum.

3.3.1 Samningur um skipta búsetu ef ekkert meðlag er greitt

Það er áhugavert að skoða hvaða áhrif það hefur á leikáætlun foreldranna ef forsjá er sameiginleg, umgengni er jöfn, ekkert meðlag er greitt og árslaun hvors foreldris eru 3,9 m.kr.

		Hitt heimilið	
		Skipt búseta	Ekki skipt búseta
Lög-heimilið	Skipt búseta	(195.350, 195.350)	(390.700, 0)
	Ekki skipt búseta	(390.700, 0)	(390.700, 0)

Jafnvel þó ekkert meðlag sé greitt að þá breytast niðurstöðurnar ekkert. Enn er betra fyrir lögheimilið að velja um að skipta ekki búsetu á meðan það er betri fyrir hitt heimilið að velja skipta búsetu.

3.4 Samantekt

Í frumvarpinu er ekkert sem getur talið lögheimilinu hugarhvarf eða hvetur það til að standa við samning um skipta búsetu. Ójafnvægi er þar af leiðandi byggt inn í frumvarpið. Til þess að auka jafnvægi foreldranna að þá þyrfti að vera hægt að umbuna lögheimilisforeldrinu fyrir að gera samning um skipta búsetu og að sama skapi þyrfti að vera hægt að refsfa því fyrir að slíta samningi um skipta búsetu.

4.0 Tillögur

Ef markmiðið er að auka jafnræði foreldra, þá myndi niðurfelling meðlags færa okkur nær því markmiði en samningur um skipta búsetu. Miðað við það að foreldrar bera jafn mikla ábyrgð og umgangast barnið jafn mikið að þá er nokkuð ljóst að kostnaður fellur jafn þungt á báða foreldra. Við þær aðstæður er eðlilegt að meðlag falli niður. Meðlagsgreiðslur er einnig stærsta ástæða þess að ekki næst samvinna á milli foreldra.

Ég legg til að frumvarpið verði dregið til baka, það unnið betur og það lagt fram samhliða fyrirhuguðu frumvarpi félags- og barnamálaráðherra svo hægt sé að ræða frumvörpin og málefni barna með heildstæðari hætti.

Það væri einnig mikill ávinningur fyrir tekjulægra foreldrið ef skerðing barnabóta myndi færast frá tekjuhærra foreldrinu til þess tekjulægra. Þá myndi ríkið ekki hagnast á samningi foreldra heldur barnabætur greiðast að fullu miðað við tekjur foreldra.

Að öðrum kosti að þá er einfaldast að breyta núverandi barnalögum og ná fram sama markmiði sem þessu frumvarpi er ætlað að ná og fella meðlagsgreiðslur niður sé forsjá sameiginleg og umgengni jöfn.

- Fella niður meðlagsgreiðslur sé forsjá sameiginleg og umgengni jöfn.
- Draga frumvarpið til baka, lagfæra það og leggja það fram samhliða frumvarpi félags- og barnamálaráðherra.
- Færa skerðingar barnabóta frá tekjuhærra foreldrinu til þess tekjulægra. Þá nýttast barnabætur að fullu miðað við tekjur foreldra.

5.0 Samantekt

Eftir stutta yfirferð yfir frumvarpið að þá er lítinn sem engan ávinning að finna í því fyrir foreldra barna. Flest það sem frumvarpið á að laga er að finna í öðrum lögum og það tengist fyrst og fremst því að framkvæmd barnalaga eins og þau eru nú er ábótavant.

Að setja inn ný hugtök eins og „skipt búseta“ flækir framkvæmd barnalaga og samskipti foreldra mjög mikið.

Það væri því mun meiri ávinningur fyrir foreldra og börn að skerpa á framkvæmd núverandi laga og fræða foreldra, stofnanir og aðra aðila betur um inntak sameiginlegrar forsjár.

Ég er tilbúinn að mæta á fund nefndarinnar til að útskýra umsögnina og svara spurningum sem vakna við lestur hennar.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson